



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2015



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2015

Ársskýrsla 2015
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
2016/09 Prentun: Oddi umhverfisvottað fyrirtæki

Breytingar á regluverkinu í sjónmáli

Ýmislegt hefur gerst frá síðasta ársfundi Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga og nú eru í sjónmáli margs konar breytingar sem ég hygg að séu langþráðar. Lengi hefur verið kallað eftir breytingum á regluverki sjóðsins og nú sjáum við fram á að þeim verði hrundið í framkvæmd. Ljóst er að slíkar breytingar falla ekki öllum í geð en þær eru nauðsynlegar og þær eru eðlilegar þar sem þær gera jöfnunarhlutverk sjóðsins bæði réttlátara og skýrara. Um það snýst kjarni málsins.

Nú hefur hafið störf nefnd sem ég skipaði til að gera endanlegar tillögur um nýjar aðferðir við jöfnun á útgjaldþörf og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar allt frá árinu 2010 og jafnvel lengur í mörgum nefndum og starfshópum. Hafa legið fyrir skýrslur og tillögur, reiknilíkön sett fram til að vega og meta hvernig breytingarnar koma út hjá einstökum sveitarfélögum. Nú er lokasprettur þessa verkefnis framundan, að setja fram nýtt líkan sem byggist á því sem þegar liggur fyrir.

Ég bind miklar vonir við að verkefnið komist nú á leiðarenda. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, er formaður nefndarinnar og með honum í nefndinni starfa valinkunnir fulltrúar sveitarstjórnarstigsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Nefndin hefur þegar komið saman og standa vonir til þess að hún geti lagt fram tillögur sínar á árinu 2017.

Árið 2015 náðist mikilvægur áfangi varðandi fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Eftir að faglegu og fjárhagslegu endurmati á yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga lauk í árslok 2015 var skrifað undir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um endanlega fjármögnun á þjónustu sveitarfélaga á þessu sviði. Felur það í sér að framlag ríkisins í Jöfnunarsjóð hækkar og gerum við ráð fyrir að hækkunin nemi allt að 1,5 milljörðum króna árið 2016. Þetta er mikilvægur áfangi og viðurkenning á því að þetta er umfangsmikill málaflokkur og kostnaðarsamur enda viljum við veita fötluðu fólki alla nauðsynlega og sjálfsagða þjónustu. Um það sameinast ríki og sveitarfélög þó að málaflokkurinn sé nú á ábyrgð sveitarfélaga.

Í lokin þakka ég starfsfólki sjóðsins sem hefur enn eitt árið unnið gott verk og meira en það. Ég nefni hér sérstaklega Elínu Pálsdóttur, fráfarandi forstöðumann sjóðsins. Ég þakka henni áratuga langa þjónustu og óeigingjarnt starf í þágu sjóðsins.



*Ólöf Nordal
innanríkisráðherra*

Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi á árinu 2015

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er sjö manna ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til innanríkisráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs skipa:

Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, formaður nefndarinnar
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði
Sigríður Huld Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
Ásgerður Gylfadóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði

Varamenn

Ólafur G. Adolfsson, bæjarfulltrúi í Akraneskaupstað, varaformaður
Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Kristján Andri Guðjónsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Dalabyggð
Soffía Helgadóttir, bæjarfulltrúi í Norðurþingi
Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi í Sandgerðisbæ

Ráðgjafarnefndin hélt 16 bókaða fundi á árinu 2015.

Fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar eru birtar á vef sjóðsins undir jofnunarsjodur.is/-starfsemi/fundargerdir. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um starfsemi sjóðsins, tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutanir framlaga og um umfjöllun og afgreiðslu þeirra erinda er berast sjóðnum.

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Við tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga færðust yfirráð allra fasteigna í eigu ríkisins, sem nýttar hafa verið í þjónustu við fatlaða, til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Tekjur Fasteignasjóðsins eru hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,99% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert ásamt tekjum af sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir.

Frá yfirfærslu hefur meginstarfsemi Fasteignasjóðsins verið fólgin í sölu og útleigu fasteigna sem sjóðurinn hefur yfirráðarétt yfir og nýttar hafa verið af sveitarfélögum í þjónustu við fatlaða. Þær fasteignir sem Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fékk umráðarétt yfir við yfirfærsluna eru nú allar seldar nema tvær sem eru leigðar sveitarfélögum og nýttar í þjónustu við fatlaða.

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs fjallar um stefnumótandi ákvarðanir í rekstri Fasteignasjóðsins og hefur eftirlit með starfsemi hans. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um sölu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir og um ráðstöfun söluandvirðis fasteignanna.

Skipunartími nefndarinnar rann út 31. desember 2015 en ákveðið var að endurvekja starf hennar frá og með 1. júlí 2016 til og með 31. desember 2016. Meginhlutverk nefndarinnar til áramóta verður að móta framtíðarskipan fasteignamála innan Jöfnunarsjóðs hvað málaflokk fatlaðs fólks varðar.

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs skipa:

Lúðvík Geirsson hafnarstjóri, formaður

Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands ísl. sveitarfélaga

Varamenn

Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Gyða Hjartardóttir, félagsmálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði Sambands ísl. sveitarfélaga

Nefnd sem endurskoðar jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Frá því á árinu 2011 hefur vinnuhópur í innanríkisráðuneytinu unnið að þróun útgjalda-jöfnunarkerfis sem gerir Jöfnunarsjóði kleift að meta útgjaldaþarfir sveitarfélaga með nákvæmari hætti en áður.

Verkefnið er viðamikið og flókið enda er um að ræða nýja hugmyndafræði hvað varðar aðferðir vegna jöfnunar á útgjöldum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Kjarninn í nýjum aðferðum er að þeim verði beitt við jöfnunaraðgerðir þar sem:

- Framlög með jöfnunartilgang verði sameinuð í eitt jöfnunarframlag. Jöfnunarframlög vegna málaflokks fatlaðs fólks verða þó undanskilin hér.
- Fundnar verði nýjar leiðir til að meta útgjaldaþarfir sveitarfélaga vegna lögbundinna verkefna.
- Tekið er mið af hámarkstekjum sveitarfélaga af útsvari og fasteignaskatti en framlag ræðst síðan af mismun mældra útgjalda og tekna.

Vinnuhópurinn hefur skilað drögum að líkani sem kemur til móts við nýjar aðferðir við jöfnun eins og lýst er hér að framan. Engu að síður er nokkur vinna eftir við lokafrágang verkefnisins og gerð nýs líkans.

Því hefur verið skipuð nefnd sem hefur það hlutverk að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Nefndin kom saman til fyrsta fundar 14. september 2016.

Nefndin er þannig skipuð:

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, tilnefndur af innanríkisráðherra, formaður,
Guðný Sverrisdóttir, formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, tilnefnd af innanríkisráðherra,
Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu,
Sigurður Guðmundsson sérfræðingur, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áttundi ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 23. september 2015 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.

Ragnildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri ávarpaði fundinn í fjarveru Ólafar Nordal innanríkisráðherra. Ragnildur fjallaði m.a. um aukið hlutverk sjóðsins frá því hann hóf starfsemi í núverandi mynd en við gildistöku breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga 1. janúar 1990 fór fram umtalsverð endurskoðun á starfsemi sjóðsins sem fólst einkum í því að jöfnunarhlutverk hans var aukið til muna. Ragnildur benti sérstaklega á áhugavert erindi síðar á dagskránni um rekstrarfyrirkomulag Innheimtustofnunar sveitarfélaga, en unnin hefur verið skýrsla fyrir innanríkisráðuneytið þar sem kannaður er faglegur og fjárhagslegur ávinningur af því að færa verkefni sem nú eru hjá Innheimtustofnun til annarrar stofnunar eða stofnana á vegum ríkisins.

Elín Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs, flutti skýrslu um starfsemi sjóðsins á árinu 2014 og fór yfir ársreikning sjóðsins 2014. Ásamt því að fara yfir ársreikning sjóðsins kom fram hjá Elínu að á haustþingi 2014 hafi innanríkisráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Frumvarpið hafði m.a. að geyma tillögu um að fulltrúum í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrði fjölgað úr 5 í 7 og tillögu um að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki frá miðju ári 2014 til miðs árs 2017 yrði úthlutað sérstaklega til sveitarfélaga til að vega á móti þeim áhrifum sem ný lög um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar hefði á útsvarstekjur sveitarfélaga.

Með setningu laga nr. 135/2014 var tillagan um fjölgun fulltrúa í ráðgjafarnefnd samþykkt en tillagan um ráðstöfun tekjuaukans vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki hefur enn ekki náð fram að ganga.

Í máli Elínar kom fram að 31. desember 2014 hafi runnið út gildistími viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins frá 13. maí 2011. Viðaukinn náði einnig til samkomulags um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011.

Bergur Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði, flutti erindi um stöðu mála hvað varðar heildarendurskoðun á regluverki sjóðsins og hvað fælist í hugmyndum um endurskipulagningu á sjóðnum. Fram kom í máli Bergs að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafi unnið skýrslu fyrir sjóðinn vegna vinnu við endurskoðun á regluverkinu. Í skýrslu stofnunarinnar kemur m.a. fram að með hugmyndum að breyttu fyrirkomulagi myndi reikniverk sjóðsins endurspeglar betur útgjaldaþarfir sveitarfélaganna og ekki skapa hvata til útgjaldaaukningar af hálfu sveitarfélaga.

Svanbjörn Thoroddsen frá KPMG greindi frá vinnu KPMG varðandi úttekt á rekstrarfyrirkomulagi Innheimtustofnunar og greindi frá helstu göllum og kostum þess að færa verkefni frá stofnuninni. Hann fór yfir valkosti í stöðunni og helstu tillögur.

Loks fjallaði Tryggvi Sigurðsson, sérfræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð Íslands, um mat á þjónustubörf við fatlað fólk og um innleiðingu og framkvæmd á svonefndu SIS mati fyrir börn sem snýst um hlutlægt mat á þörfum barna með fötlun og þjónustu við þau.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar sjóðsins með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga var haldinn 27. nóvember 2015 á Grand Hótel Reykjavík.

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjallaði um samkomulag um eflingu tónlistarfræðslu og tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Rakti Guðjón tilgang og fjármögnun samkomulagsins allt frá upphafi verkefnisins. Jafnframt fjallaði hann um þann forsendubrest sem orðið hefði á samkomulaginu á fyrsta ári vegna mikillar fjölgunar nemenda. Fram kom að í samkomulaginu hafi verið gert ráð fyrir föstum nemendafjölda en fram til skólaársins 2015-2016 hafi hann vaxið um 35%.

Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnastjóri og kennsluráðgjafi, gerði í erindi sínu m.a. grein fyrir verkefninu „Velkominn“, sem finna má á vefsvæði Tungumálatorgsins. Um er að ræða úrræðatæki fyrir móttöku og samskipti nemenda og kennara. Verkefnið hafði unnið til verðlauna svokallaðs evrópumerkis sem veitt er á tveggja ára fresti auk 300 þús. kr. styrks frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Kristrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri móttökudeildar Lækjarskóla og kennsluráðgjafi, flutti erindi um reynslu sína af móttöku innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda.

Þá fjölluðu Hrund Logadóttir, verkefnastjóri sérkennslu hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Klettaskóla og Björk Jónsdóttir, skólastjóri Brúarskóla, um starfsemi sérskóla og sérdeilda í Reykjavík.

Hrund lagði í erindi sínu áherslu á gagnkvæm tengsl nemenda og starfsfólks þegar kæmi að samstarfi sérskóla, sérdeilda og annarra grunnskóla. Erla fjallaði um hlutverk Klettaskóla sem varð til við sameiningu Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla og sinnir grunnskólanemendum með þroskahamlanir. Björk fjallaði síðan um starfsemi Brúarskóla sem er samheiti yfir nokkra skóla sem veita börnum og unglingum tímabundna kennslu þar sem aðallega er unnið með að breyta óæskilegri hegðun barna og áhersla lögð á að styrkja félagsfærni og samskipti þeirra.

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og endurmat á yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks

Í desember 2015 tókst samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sem fól í sér endanlega niðurstöðu um fjármögnun þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum um málaflokkinn. Samhliða var kynnt skýrsla verkefnastjórnar um faglegt og fjárhagslegt mat á yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði verkefnastjórnina árið 2014 til að meta hvernig yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hefði til tekist, jafnt faglega sem fjárhagslega eins og ákveðið var við yfirfærsluna. Verkefnastjórnin lauk störfum í nóvember 2015 og skilaði ýtarlegri skýrslu um faglegt og fjárhagslegt mat á yfirfærslunni. Hins vegar var ákveðið að vísa umfjöllun um fjármögnun málaflokksins til framtíðar í farveg beinna viðræðna milli ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða þeirra viðræðna var undirritun samkomulags þann 11. desember 2015. Að samkomulaginu standa félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna.

Samkomulagið um endanlega fjármögnun þjónustunnar er tvíþætt. Annars vegar verður tímabundin 0,04% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga sem ákveðin var árið 2014 lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga sem nemur þar með 1,24% til málaflokksins. Hins vegar er í samkomulaginu kveðið á um hækkun framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs. Áætlað er að breytingarnar leiði til þess að framlög Jöfnunarsjóðs til þjónustu við fatlað fólk aukist um allt að 1,5 milljarða króna árið 2016.

Á grundvelli samkomulagsins var því framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð hækkað sem nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og skal sú fjárhæð sem nemur hækkuninni renna til málefna fatlaðs fólks. Breytingarnar höfðu það í för með sér að hlutfall af framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð var hækkað úr 2,12% í 2,355%.

Í niðurstöðu verkefnastjórnar um mat á yfirfærslunni segir að kannanir hafi leitt í ljós að markmið yfirfærslunnar um bættu og einstaklingsmiðaðri þjónustu við fatlað fólk hafi náðst og að þjónusta hafi verið samþætt við aðra nærþjónustu líkt og stefnt var að. Sveitarstjórnarstigið hafi styrkst við yfirfærsluna, dregið hafi úr skörun milli stjórnarsýslueininga og einfaldari verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hafi í meginatriðum gengið eftir.

Fram kemur í skýrslunni að það sé mat verkefnastjórnarinnar að sveitarfélögin hafi lagt sig fram um að sinna þjónustu við fatlað fólk af ábyrgð og fagmennsku og að samskipti við notendur og hagsmunasamtök þeirra hafi almennt verið með ágætum.

Skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Frá og með 1. janúar 2016 gengu í gildi skipulagsbreytingar hjá sjóðnum. Breytingarnar felast í því að ákveðnir verkþættir sem sjóðurinn annaðist áður fluttust til Fjársýslu ríkisins. Þar á meðal eru greiðslur sjóðsins til sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila sjóðsins. Jafnframt mun Fjársýslan taka að sér bókhald og uppgjör Jöfnunarsjóðsins.

Uppgjör Jöfnunarsjóðs á rekstrargrunni

Jöfnunarsjóður hefur frá yfirfærslu grunnskólans verið gerður upp bæði á rekstrar- og greiðslugrunni. Á rekstrargrunni hafa verið gerð upp þau framlög sjóðsins sem byggjast á lögbundnum framlögum frá ríki. Á greiðslugrunni hafa verið gerð upp þau framlög sem byggjast á hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars, þ.e. framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Á árinu 2015 var ákveðið að færa uppgjör þeirra framlaga sjóðsins sem tengjast yfirfærslunum báðum á rekstrargrunn til samræmis við færslu sveitarfélaganna á tekjum af staðgreiðslu. Breytingin náði fram að ganga hvað árið 2015 varðar. 13. mánuður framlaga vegna grunnskólans og málefna fatlaðs fólks var því bókfærður hjá sjóðnum 31. desember 2015 sem inneign sveitarfélaga hjá sjóðnum í árslok 2015 þó svo framlögin vegna 13. mánaðarins hafi ekki komið til greiðslu fyrr en í lok janúar 2016 þegar staðgreiðsla desembermánaðar lá fyrir.

Framlög vegna húsaleigubóta

Jöfnunarsjóður hefur um árabil greitt framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum samkvæmt lögum um húsaleigubætur, nr. 137/1997, með síðari breytingum. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga í apríl 2008 var kveðið á um 60% kostnaðarþátttöku ríkisins í greiðslu sérstakra húsaleigubóta og hefur því sjóðurinn frá árinu 2008 jafnframt greitt framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á sérstökum húsaleigubótum.

Samkvæmt nýlega samþykktum lögum nr. 75/2016 um húsnæðisbætur er gert ráð fyrir að fjármögnun og framkvæmd almenns húsnæðisstuðnings til leigjenda verði alfarið á ábyrgð ríkisins og kostnaður vegna húsnæðisbóta greiðist úr ríkissjóði. Jafnframt er kveðið á um það í lögunum að sérstakar húsaleigubætur (sérstakur húsnæðisstuðningur) verða framvegis verkefni sveitarfélaga. Vegna þessa mun verkefnið hvað greiðslu húsaleigubóta varðar fara alfarið frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 1. janúar 2017.

Breytingarnar hafa það í för með sér að hlutfall af lögbundnu framlagi úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð mun lækka úr 2,355% í 2,111%.

Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Þann 13. apríl 2016 var undirritað nýtt samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla. Samkomulagið er að stórum hluta um sömu atriði og samkomulag sem undirritað var milli sömu aðila árið 2011 og síðan endurnýjað 2014.

Samkvæmt samkomulaginu greiðir ríkissjóður árlegt styrktarframlag í Jöfnunarsjóð sem renna skal til greiðslu kennslukostnaðar í samræmi við markmið 1. gr. samkomulagsins, samtals 520 m.kr. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að standa áfram tímabundið straum af kostnaði við verkefni frá ríkinu sem nemur 230 m.kr. á árinu.

Framlag ríkisins mun frá og með árinu 2017 breytast árlega í samræmi við launafor-sendur BHM og verðlagsforsendur fjárlaga í hlutföllunum laun 85% og 15% önnur gjöld.

Gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Á samnings-tímanum greiðir ríkissjóður mánaðarlega framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga í samræmi við reglur sem innanríkisráðherra setur.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhalds-námi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Ekkert samkomulag var gert vegna ársins 2015 en á grundvelli heimildar í fjárlögum fyrir árið 2015 greiddi ríkissjóður mánaðarlegt framlag til sjóðsins til að standa straum af kennslukostnaði sem samkomulagið nær til þ.e. kostnaði vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi.

Mat á stuðningsþörf (barnaútgáfa SIS) – samræmt mat á landsvísu

Frá yfirfærslu á málaflökki fatlaðs fólks hefur það verið einn af veikleikum jöfnunarkerfisins að ekki hefur verið til staðar áreiðanlegt mat á stuðningsþörfum fatlaðra barna. Á síðasta ári hófst á grundvelli samnings Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og velferðarráðuneytisins vinna við að meta stuðningsþarfir fatlaðra barna á grundvelli barnaútgáfu SIS matsins sem þróað hefur verið á undanförunum árum af höfundum SIS fyrir fullorðna. Barnaútgáfa SIS verður notuð til að meta stuðningsþarfir þeirra barna sem tilheyra þeim þætti jöfnunaraðgerða sem tengjast yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga og er henni jafnframt ætlað að koma í stað vinnu- og viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs við úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda.

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs

Elín Pálsdóttir forstöðumaður

Bergur Sigurjónsson sérfræðingur

Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur

Guðni Geir Einarsson sérfræðingur

Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur (lét af störfum í júlí 2015)

Tinna Dahl Christiansen (hóf störf 1. apríl 2016)

Elín Pálsdóttir lét af störfum sem forstöðumaður í lok janúar 2016, en hefur starfað hjá sjóðnum á árinu 2016 við uppgjör ársins 2015 og verkefni tengd skipulagsbreytingum. Við starfi Elínar tók Guðni Geir Einarsson.

Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs, jofnunarsjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafar-nefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.


Tekjur Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti:

- Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,355% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
(Þar af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum renna til málefna fatlaðs fólks.)
- Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 - er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
 - er nemur 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.
- Vaxtatekjur.

Á árinu 2015 kom viðbótarframlag frá ríki vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum á grundvelli samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og vegna aðlögunar að nýjum húsnæðisbótum er hófst á árinu 2013.

Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 2010-2016



Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 960/2010. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli reglugerðar nr. 960/2010 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðra.

Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

Bundin framlög 2010-2016 í m.kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Áætlun 2016
Samband ísl. sveitarfélaga	246	261	281	296	332	359	367
Landshlutasamtök	143	149	161	171	197	199	214
Innheimtustofnun sveitarfélaga	1.011	913	904	817	729	677	900
Umsjónarnefnd eftirlauna	5	5	4	3	3	2	3
Húsafriðunarsjóður	48	48	48	48	49	49	50
Samtals	1.453	1.376	1.398	1.335	1.310	1.286	1.534

Sérstök framlög, skv. 7. gr.

Sérstök framlög eru greidd sveitarfélögum vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Sérstök framlög eru:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003, með síðari breytingum: Á árinu 2015 voru greidd framlög til tveggja sveitarfélaga vegna sameininga sveitarfélaga á árunum 2012 og 2013.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, með síðari breytingum: Bændasamtök Íslands hafa annast stjórnslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna. Matvæla- stofnun tók við hlutverki Bændasamtakanna á árinu 2016.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum: Við útreikning framlaganna er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á viðkomandi ári.

- Framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 150/2013 og samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008: Á árinu 2015 námu heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum 4.431,9 m.kr. og 1.352,6 m.kr. á sérstökum húsaleigubótum. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta var 67,4% á árinu 2015. Á árinu 2016 nemur áætluð kostnaðarpátttaka Jöfnunarsjóðs vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum 66,0% að teknu tilliti til viðbótarframlags frá ríki vegna aðlögunar að nýjum húsnæðisbótum. Kostnaðarpátttaka vegna sérstöku húsaleigubótanna er 60%.
- Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu: Hér undir fellur framlag til rekstrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel á grundvelli samkomulags milli Sambandsins og innanríkisráðuneytisins frá 1. janúar 2013 sem gildir til 31. desember 2015. Nýtt samkomulag aðila hefur tekið gildi varðandi framlög sjóðsins vegna rekstrar skrifstofu Sambandsins í Brussel og gildir það frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga á árunum 2012 til 2015, vegna samstarfsverkefna sem þau hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríkið og tengjast sóknaráætlunum landshluta, eru talin til sérstakra verkefna. Aðkoma Jöfnunarsjóðs að verkefninu hefur verið framlengd til 2018 eða út skipunartíma núverandi ráðgjafarnefndar.
- Framlög til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda: Úthlutun framlaga á árinu 2015 fór fram á grundvelli reglugerðar nr. 23/2013 og vinnureglna frá 31. janúar 2013.


Sérstök framlög 2010-2016 í m.kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Áætlun 2016
Framlög vegna sameininga sveitarfélaga	349	37	343	93	202	196	250
Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga	187	106	27	85	11	15	250
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	25	20	25	16	14	11	25
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts	2.569	2.725	2.942	3.112	3.725	3.682	3.908
Framlög vegna húsaleigubóta	2.535	2.635	2.777	3.832	4.072	4.455	4.542
Framlög til sérstakra verkefna	17	23	41	64	43	44	75
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu		240	520	520	520	610	520
Samtals	5.682	5.786	6.675	7.722	8.587	9.013	9.570

Jöfnunarframlög, skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010, sbr. eftirfarandi:

- Tekjujöfnunarframlögum er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- Útgjaldajöfnunarframlögum er varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Framlögum er skipt í A- og B-hluta. Undir A-hlutann falla framlög tengd íbúafjölda, framlög vegna fjarlægða, fjölda þéttbýlisstaða, fækkunar íbúa og snjómoksturs í þéttbýli. Undir B-hlutann falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Úthlutun þeirra framlaga fer fram á grundvelli sérstakra vinnureglna.

Þróun jöfnunarframlaga 2010-2016




Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla, skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum.

Eftirfarandi framlög eru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 351/2002:

- Almenn framlög: Til þeirra framlaga var varið um 74% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2015 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda: Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustubarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- Framlög vegna nýbúafræðslu: Viðbótarframlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa og verkefnastjóra.
- Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- Framlag til Barnaverndarstofu: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- Önnur framlög: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna. Um er að ræða verkefni vegna kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkurborgar og tímabundin þróunarverkefni er tengjast verkefninu *ytra mati á skólastarfi*.



Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks, skv. 10. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 2. tölul. c-liðar 4. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga er varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða, sbr. reglugerð nr. 179/2016.

Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðar nr. 631/2015 á árinu 2015:

- Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk: Til þeirra framlaga var varið um 94,8% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2015 til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.
- Framlög vegna breytingakostnaðar: Framlöggin ná til ýmissa kostnaðarpátta vegna yfirfærslunnar, sérfræðiaðstoðar, starfa samráðsnefndar og framlags til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
